

# Eystrahorn

14. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 7. apríl 2022

www.eystrahorn.is

## Hinsegin vika í Sveitarfélaginu Hornafirði



Síðastliðin vika var fyrsta Hinsegin vika sveitarfélagsins og vill það leggja sitt af mörkum til þess að hér megi öllum líða vel og að allir fái að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Markmið vikunar er að auka fræðslu og skapa umræður sem tengjast hinsegin málum og fagna í leiðinni fjölbreytileikanum.

Þekkingarsetrið Nýheimar gáfu nemendum FAS skraut sem nemendur

notuðu til að skreyta Nýheima. Vegleg dagskrá var í boði sveitarfélagsins, frítt var í bíó í Sindrabæ á myndina „Call me by your name“ þriðjudaginn 29. mars.

Samtökin 78 voru svo með fræðslu fyrirlestur í Nýheimum og var fyrirlesari Mars Proppé, gjaldkeri samtaka 78. Haldnir voru nokkrir fyrirlestrar yfir daginn fyrir ólíka hópa, t.d nemendur FAS annarsvegar og starfsmenn FAS og Nýheima hinsvegar og starfsfólk

sveitarfélagsins, en einnig var almennur fyrirlestur fyrir íbúa þess.

Boðið var upp á „Human Library“ á bóksafninu, það hefur verið gert áður og hefur verið mikil ánægja með þann viðburð. Því miður féll niður regnbogagangan sem átti að halda á föstudaginn, en hún verður auglýst aftur síðar.

## Uppbyggingarsjóður Suðurlands úthlutar styrkjum

Stjórn SASS hefur fjallað um tillögur fagræðs atvinnu- og nýsköpunar annars vegar og fagræðs menningar hins vegar um úthlutun verkefnastyrkja úr Uppbyggingasjóði Suðurlands. Um er að ræða fyrri úthlutun sjóðsins árið 2022. Umsóknir voru samtals 90. Í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna

bárust 31 umsóknir og 59 í flokki menningarverkefna.

Að þessu sinni var 35,9 m.kr. úthlutað, 14,7 m.kr. í flokk atvinnu- og nýsköpunar og 21,2 m.kr. í flokk menningar, til samtals 60 verkefna. Samþykkt var að veita 17 verkefnum styrk í flokki atvinnu- og nýsköpunar og 43 verkefna

í flokki menningarverkefna. Af þessum 60 verkefnum sem hlutu styrk eru 8 verkefni í Sveitarfélaginu Hornafirði, 2 í flokki atvinnu- og nýsköpunar og 6 í flokki menningar. Verkefnin 8 hlutu samtals 4,4 m.kr. í styrk. Næsta úthlutun verður 4. október nk.



### Kútmagakvöld

Kútmagakvöldið okkar vinæla, verður haldið í Sindrabæ

**Laugardaginn 23. apríl n.k.**

Húsið verður opnað kl. 19:00

### Veislustjóri :

Ólafur Sæmundsson húasmíðameistari, byggingarstjóri og gleðigjafi.

### Miðaverð:

**6500 kr. -miðar seldir við innganginn**

Allir karlmenn velkomnir



**Lionsklúbbur Hornafjarðar**

Athugið að næsta tölublað kemur út miðvikudaginn 13. apríl.

Skilafrestur fyrir auglýsingar og annað efni er mánudagurinn 11. apríl kl. 14:00.



**HAFNARKIRKJA**  
Sunnudagaskóli  
Sunnudaginn 10. apríl  
páskaeggjaleit í kirkjunni.

Söngur, gleði og glens.  
Sjáumst öll hress í páskaskapi.

### ADALSAFNAÐARFUNDUR

Aðalsafnaðarfundur Hafnarsóknar sem vera átti fimmtudaginn 7. apríl er frestað um sinn. Fundurinn verður auglýstur síðar.

*Sóknarnefnd Hafnarsóknar*

## Sveitarstjórnarkosningar

**14. maí 2022**

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninganna  
14. maí 2022 rennur út 8. apríl 2022 kl. 12.00

Framboð fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð skilist til oddvita yfirkjörstjórnar, Vignis Júlíussonar Sandbakka 21, Höfn frá kl 11:00 til 12:00 föstudaginn 8. apríl 2022



SVEITARFÉLAGIÐ  
HORNAFJÖRÐUR

**Yfirkjörstjórn:**  
Vignir Júlíusson  
Hjördis Skírnisdóttir  
Reynir Gunnarsson



## Andlát

Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma

**María Marteinsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði, Höfn, sunnudaginn 3. apríl.

Jarðarför auglýst síðar.



*Brynja, Sigurbjörg, Hólmfríður, Þórunn, tengdasynir, ömmu- og langömmubörn*

## Kerrupróf BE réttindi

- Dagana 16.-19. maí nk. verður haldið námskeið á Höfn.
- upplýsingar og skráning í síma 855-0580

Jói ökukennari

facebook:  
lærakeyra

## FATAMARKAÐUR

verður í Höfn-inn morgunverðarsal


**mánudaginn 11. apríl**  
**frá kl. 13:00 -18:00.**

Fallegur danskur fatnaður fyrir konur á öllum aldri í st. 36 -56.

Flott fyrir fermingarnar eða bara hversdaginn, skvísuð okkur upp og verum kátar.

Hlakka til að sjá ykkur.

*Rósín tískuverslun*  
414-9393 og 848-4829



## ADALFUNDUR

félags Harmonikuunnenda, Hornafirði, verður haldinn laugardaginn **23. apríl kl. 11.00**, í Ekrusalnum.

Venjuleg aðalfundarstörf.

*Stjórnin.*



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi: HLS ehf.  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes  
Umbrot: Tjörvi Óskarsson  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126

# Eyrún Friða Árnadóttir

Sæl öll.

Ég heiti Eyrún Friða Árnadóttir og skipa 1. sæti fyrir framboðslista Kex. Þrátt fyrir að hafa verið tengd sveitarfélaginu í þó nokkur ár er ég vissulega ný og langar því að kynna mig og Kexið aðeins betur. Ég er 31 árs gömul og uppalin á höfuðborgarsvæðinu. Ég flutti loksins á Höfn síðastliðið sumar með manningum mínum, Jóhannesi Óðinssyni, og tveimur dætrum okkar. Þrátt fyrir að vera nýflutt hingað þá hef ég verið reglulegur gestur hér síðan ég kynntist Jóhannesi enda er hann fæddur hér og uppalinn. Ég fann alltaf sterka tengingu hingað austur og sá ég ekki fyrir mér neinn annan betri stað til að búa á.

Í dag kenni ég þriðja bekk í Grunnskóla Hornafjarðar en ég er með BA gráðu í uppeldis- og menntunarfræði og lýk brátt mastersnámi í kynjafræði. Í háskólanámi mínu varði ég miklum tíma í hagsmunabaráttu stúdenta og hef þaðan gríðarlega reynslu úr allskyns nefndum og ráðum. Þar starfaði ég fyrir hönd allra stúdenta við Háskóla Íslands og talaði máli þeirra gagnvart æðstu stjórn skólans, ráðuneytum, Rannís og fleiri aðilum. Ég sótti og hélt málþing

og ráðstefnur, starfaði með ólíkum hópi fólks og náði ásamt þeim að knýja fram ýmsar breytingar í þágu stúdenta. Það er þessi reynsla sem að hvetur mig áfram til að taka þátt í sveitarstjórnarmálum, þar sem mér þykir fátt meira gefandi en að nýta rödd mína og krafta í þágu annarra.

Hugmyndin að Kex framboði fæddist svo í hópi góðra vina nú í byrjun árs en síðan þá hefur hópurinn stækkað ört og margir bæst við. Við höfum öll, líkt og aðrir íbúar sveitarfélagsins, áhuga á því samfélagi sem við búum í og þeim ákvörðunum sem móta það. Við vildum stíga fram og sýna að öll höfum við erindi inn í sveitarstjórnarmálin enda skipta þau okkur öll máli. Við viljum leggja okkar af mörkum til þess að sveitarfélagið okkar blómstri því hér viljum við vera, ala upp börnin okkar og eldast. Við höfum lagt upp með að hlusta á raddir allra þeirra sem vilja deila þeim með okkur og það er eitt okkar helsta baráttumál að virkja raddir og skoðanir íbúa. Bæjarstjórn og íbúar sveitarfélagsins eiga að starfa saman og styðja hvert annað með uppbyggilegu samtali, upplýsingamiðlun og virðingu.

Vonandi munu sem flest ykkar



sjá ykkur fært að kíkja við á kosningaskrifstofuna okkar á Úps. Þar gefst okkur færi á að hitta og spjalla við íbúa, drekka prýðisgott kaffi ásamt því að deila þekkingu og reynslu sem mun nýtast okkur og sveitarfélaginu til góðs.

Kosningaskrifstofan er opin miðvikudaga frá 16:00-18:00 og sunnudaga frá 14:00-16:00. Ég hlakka til að sjá ykkur sem flest þar!

*Eyrún Friða Árnadóttir*

**Glacier lagoon**

**Jökulsárlón Ferðapjónusta óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirfarandi stöður**

- Skipstjóra á hjólabáta
- Leiðsögumenn á hjólabáta
- Stjórnendur öryggisbáta
- Starfsfólk í miðasölu/móttöku
- Starfsfólk í sölu- og veitingaskála

Í boði er frítt húsnæði nálægt lóninu, ef viðkomandi er búsettur á Höfn er einnig möguleiki á starfsmannabíl.

Upplýsingar gefur Ágúst á [agust@jokulsarlon.is](mailto:agust@jokulsarlon.is) eða í síma 893-1822

SUNNUDAGS  
TILBOÐ

FJÖLSKYLDU  
TILBOÐ

HAMBORGARAR  
& FRANSKAR

FAMILY SPECIAL

4.590 kr.



Tilboð gildir út apríl 2022

N1 Höfn



Nestlé



## AUGLYSING UM IBUAKOSNINGU

Auglýsing um íbúakosningu um aðal- og deiliskipulag um þéttingu byggðar innbæ.

Íbúakosning verður haldin samhliða sveitarstjórnarkosningum 14. maí nk. og verður skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr.123/2011.

Nýtt aðal- og deiliskipulag um þéttingu byggðar í Innbæ á Höfn, samkvæmt auglýsingum um samþykkt bæjarstjórnar frá 16. apríl 2020 og 27. maí 2021, hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ekkert deiliskipulag var áður í gildi fyrir svæðið, en upplýsingar má sjá á heimasíðu sveitarfélagsins undir fréttir og undir stjórnsýsla/skipulag í kynningu. <https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/>

### Spurning íbúakosningarinnar verður þessi:

*Vilt þú að þetta nýja aðal- og deiliskipulag haldi gildi sínu með þeim breytingum sem því fylgja, eða vilt þú að það falli úr gildi og þar með verði skipulag óbreytt á svæðinu?*

- Ég vil að nýtt aðal- og deiliskipulag haldi gildi sínu.
- Ég vil að nýtt aðal- og deiliskipulag falli úr gildi.

Kosið verður á öllum kjörstöðum sveitarfélagsins og hafa allir kosningabærir íbúar sveitarfélagsins, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu kosningarétt í íbúakosningunni skv. 4. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Nánari upplýsingar um kynningargögn verða kynnt síðar.

*Yfirkjörstjórn og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar*

## Páskabingó Kiwanis

Kiwanisklúbburinn Ós heldur árlegt páskabingó, **laugardaginn 16. apríl kl. 14.00** í Sindrabæ.

Komið og vinnið glæsileg Freyjupáskaegg og styrkið með því styrktarsjóð Óss.

*Allur ágóði rennur til flóttafólks frá Úkraínu.*



## Auglýsing um skipulagsmál

### *Breyting á deiliskipulagi Hafnarbraut 4 og 6 á Höfn*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 10. mars 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hafnarvík -Heppa samkvæmt 43. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Byggingareitir lóða við Hafnarbraut 4 og 6 stækka og verða samtengdir. Heimild verður fyrir þriggja hæða byggingu og kjallara á lóð nr. 6 og allt að tveggja hæða viðbyggingu og kjallara á hluta lóðar nr. 4. Gert er ráð fyrir um 20 bílastæðum í kjallara.

Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og því er fallið frá kröfu um lýsingu.

### *Aðalskipulagsbreyting á Hrollaugstöðum*

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti þann 10. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2012-2030, samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst m.a. að skilgreint er nýtt 2,9 ha svæði fyrir íbúðarbyggð við félagsheimilið Hrollaugstaði í Suðursveit og svæði fyrir verslun og þjónustu minnkar sem því nemur. Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 31 íbúð auk þess sem mögulegt verður að taka hluta af félagsheimilinu undir leikskóla.

### *Deiliskipulag við Hrollaugstaði*

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti þann 10. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi að Hrollaugstöðum í Suðursveit samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í deiliskipulaginu er m.a. skilgreindar 5 nýjar lóðir og byggingareitir fyrir rað- og parhús ásamt viðbyggingu við félagsheimilið. Gerð er grein fyrir byggingarmagni, aðkomu og bílastæðum. Markmiðið er að fjölga íbúðum á svæðinu og móta hverfi sem hengar ólíkum fjölskyldugerðum.

Ofangreindar skipulagstillögur eru til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir „Skipulag í kynningu“ og á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27. Frestur til að skila inn athugasemdum hefur verið framlengdur til 17. maí frá áður auglýstum fresti.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is) ekki seinna en **17. maí 2022**.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar*





# SUMARSTARF

Viltu vinna á skemmtilegum vinnustað?  
Olís á Höfn leitar að fólki í sumarstarf.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Áfyllingar vöru í verslun og vörumóttaka
- Þrif og annað tilfallandi

## Hæfniskröfur:

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Allar nánari upplýsingar eru veittar á  
afgreiðslustöð Olís á Höfn.

Umsóknir berist á [hofnben@olis.is](mailto:hofnben@olis.is)

# VIÐ LEITUM AÐ TRAUSTU STARFSFÓLKI



JAFNLAUNAVOTTUN  
2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks,  
stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum,  
snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn



HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

## Spennandi starf í Húsasmiðjunni á Höfn. Vilt þú vera með okkur í liði?

Hefur þú ríka þjónustulund, ert góður sölumaður og hefur gaman af mannlegum samskiptum? Þá gætum við verið með starfið fyrir þig.

Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum aðilum til þess að bætast í hóp öflugra starfsmanna Húsasmiðjunnar á Höfn. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstörf bæði í verslun og timbursölu. Við leitum að aðilum sem hafa jákvætt hugarfar og metnað fyrir því að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina.

Vinnutími er frá 9:00-18:00 virka daga og frá 10:00-14:00 annan hvern laugardag.

### Helstu verkefni:

- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Móttaka vöru, tiltekt og afgreiðsla pantana
- Önnur tilfallandi verslunarstörf
- Umsjón með lager í timbursölu

### Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð, skipulög og vönduð vinnubrögð
- Stundvísi, reglusemi og snyrtimennska
- Sterk öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Lyftararéttindi er kostur fyrir starf í timbursölu

Nánari upplýsingar um starfið gefur Kristján Björgvinsson rekstrarstjóri á [venni@husa.is](mailto:venni@husa.is). Öllum umsóknum verður svarað. Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar [www.husa.is/laus-storf](http://www.husa.is/laus-storf)  
**Umsóknarfrestur er til 30. apríl**  
Skannaðu QR kóðann og skoðaðu starfið




**Gildin okkar**

**Áreiðanleiki**

**Þjónustulund**

**Þekking**



**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Hvetjum alla til að sækja um óháð kyni.**

Húsasmiðjan er líflegur vinnustaður með góðan starfsanda og sterka liðsheild. Húsasmiðjan leggur áherslu á að nýta til hins ýtrasta hæfni, frumkvæði og þekkingu samhents hóps rúmlega 500 starfsmanna sem starfa hjá fyrirtækinu. Lögð er rík áhersla á símenntun og fræðslu og að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.



# Allt fyrir páskana!

## Fáðu innblástur fyrir matseldina

**Páska-  
maturinn  
á frábæru  
verði!**

**Tilboð  
gilda  
7.-18. apríl.**



**Fjölbreytt  
úrval af  
páska-  
eggjum!**



**Páskablað  
Nettó er  
komið út!  
Kíktu á  
netto.is**



**Sigraðu  
innkaupin  
og fáðu  
beta verð  
á matvöru  
með  
Samkaupa-  
appinu**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**nettó**